

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 54

94. ár

Föstudaginn 4. maí 2001

Laust starf

Laus er staða skólastjóra við nýjan ráðgjafar-skóla fyrir nemendur með alvarlegar geð- og atferlistruflanir.

Skólinn verður einn af grunnskólum Reykjavíkur. Hann verður fyrir allt að 20 nemendur á grunnskólaaldri með alvarlegar geð- og atferlistruflanir sem geta ekki stundað nám í almennum grunnskóla um lengri eða skemmri tíma.

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.

Leitað er að umsækjanda sem:

- hefur stjórnunarhæfileika og reynslu af kennslu og stjórnun
- hefur kennaramenntun, en framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- og kennslufræða eða geð- og atferlistruflana æskileg.
- er lipur í mannlegum samskiptum.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veita Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri, netfang ingunn@reykjavik.is og Arthur Morthens, forstöðumaður þjónustusviðs, netfang arthur@reykjavik.is á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, sími 535 5000.

Laun samkvæmt kjarasamningum launanefndar sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands.

Umsóknarfrestur er til 25. maí nk.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og störf, ennfremur gögn og upplýsingar um frumkvæði á sviði skólamála auk annarra gagna er málið varðar.

Umsóknir sendist til Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

(5530)

Stefnur

Héraðsdómur Suðurlands,
Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Jón G. Valgeirsson hdl., Strandvegi 48, Vestmannaeyjum, að hann þurfi fyrir hönd Hafþórs Theódórssonar, kt. 060761-3459, Foldahrauni 38 I, Vestmannaeyjum, að höfða mál fyrir héraðsdómi Suðurlands til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi eftirgreint veðskuldabréf, útgefið af Hafþóri Theódórssyni 15. janúar 1991, til Birgis Rögnvaldssonar, nú með 1. veðrétti í fasteigninni Foldahrauni 38 I, Vestmannaeyjum, að fjárhæð kr. 500.000.

Málsástæður og önnur atvik: Veðskuldabréfið var gefið út af Hafþóri Theódórssyni til

Auglýsing

um deiliskipulag fyrir byggðahverfi á Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997, er hér með lýst eftir athugasemdum við deiliskipulag fyrir byggðahverfi á Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Skipulagstillögur liggja frammi á skrifstofu Gímsnes- og Grafningsshrepps frá 4. maí til og með 1. júní 2001. Skriflegum athugasemdum við skipulagstillögurnar skal skila á skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en 15. júní 2001. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningsshrepps.

5529)

Auglýsing

um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 1997–2009

Bæjarstjórn Ölfuss auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 1997–2009 samkvæmt 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Tillagan felur í sér breytingu á landnotkun í suðurhluta byggðar í Þorlákshöfn og tekur hún til íbúðabyggðar, opinna svæða til sérstakra nota og gatnatenginga.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum Ölfuss að Hafnarbergi 1, frá og með 4. maí til 1. júní 2001.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 15. júní 2001.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Bæjarstjóri Ölfuss.

5531)

Auglýsing

um skipulag á Húsavík

1. Breyting á aðalskipulagi Húsavíkur – tjaldstæði

Gerð hefur verið tillaga að breyttu aðalskipulagi við tjaldstæði. Um er að ræða svæði norðan og austan við núverandi tjaldstæði í norðurhluta Húsavíkur. Vilji stendur til að leyfa byggingar lítilla húsa til útleigu í tengslum við tjaldstæðið, og skilgreinir skipulagstillagan mörk byggingarsvæða.

2. Tillaga að deiliskipulagi – frístundasvæði

Gerð hefur verið tillaga að deiliskipulagi tjaldstæðis og nágrennis þess.

Skipulagssvæðið afmarkast að vestan af Héðinsbraut/þjóðvegi nr. 85, að norðan af línu 40 m norðaustan limgerðis núverandi tjaldstæðis, að suðaustan af blindgötu frá Auðbrekku og að sunnan af knattspyrnuvelli. Skipulagstillagan gerir m.a. ráð fyrir byggingarreitum fyrir þjónustuhús og smáhýsi í tengslum við tjaldstæðið.

Tillögurnar, uppdráttir og greinargerðir, verða til sýnis á skrifstofu Húsavíkurkaupstaðar, Ketilsbraut 7-9, frá og með 4. maí til 1. júní 2001.

Athugasemdum skal skilað skriflega til undirritaðs eigi síðar en 15. júní nk. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkja tillögurnar.

Byggingarfulltrúi Þingeyinga

5657)

Birgis Rögnvaldssonar 15. janúar 1991 að fjárhæð kr. 500.000. Bréfið átti að greiðast með tólf jöfnum afborgunum, fjórum afborgunum á ári, þann 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október ár hvert, í fyrsta skipti þann 15. júlí 1991. Bréfið var verðtryggt með lánskjaravísi-

tölu, grunnvísitala 2969 stig, og meðalvöxtum Seðlabanka Íslands eins og þeir eru á hverjum tíma. Skuldabréfið var tryggt upphaflega með 5. veðrétti með uppfærslurétti í fasteigninni Foldahrauni 38 I, Vestmannaeyjum, nú með 1. veðrétti í fasteigninni.

Auglýsing um ný frímerki

Fimmtudaginn 17. maí 2001 gefur Íslandspóstur hf. út tvö ný frímerki Evrópa 2001 að verðgildi 55 og 80 krónur. Sama dag verða einnig gefin út fimm frímerki með íslenska hestinum að verðgildi 40, 50, 55, 60 og 80 krónur.

Frímerkin gilda sem greiðsla fyrir hvers konar burðargjald þar til annað verður ákveðið.

Reykjavík, 25. apríl 2001.
Íslandspóstur hf.

5656)

Auglýsing

um tillögu að deiliskipulagi fyrir Skólareit á Hvammstanga, Húnaþingi vestra

Með vísan til gr. 6.2.3 í skipulagsreglugerð auglýsir Húnaþing vestra tillögu að deiliskipulagi fyrir Skólareit á Hvammstanga. Skipulagssvæðið afmarkast af Hlíðarvegi að norðan, Kirkjuvegi að vestan, árgili Syðri-Hvammsár að sunnan og af mörkum íbúðarlóða við Norðurbraut og Fífusund að vestan. Svæðið er stofnanasvæði og í tillögunni er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi á skipulagssvæðinu, og viðbyggingum við sundlaugarhús og skólahús.

Tillagan, uppdrættir og greinargerð með skilmálum mun liggja frammi almenningi til sýnis á skrifstofu Húnaþings vestra á Hvammstanga næstu 6 vikur frá birtingu þessarar auglýsingar, til 15. júní nk. Þeir sem þess óska geta kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa, skrifstofu Húnaþings vestra á Hvammstanga, eigi síðar en kl. 16.00 föstudaginn 15. júní 2001. Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Húnaþings vestra.

5780)

Stefnandi telur framangreint veðskuldabréf vera að fullu greitt en samkvæmt efni sínu átti síðasta greiðsla að eiga sér stað 15. apríl 1994. Með yfirlýsingu dags. 30. mars 2001 staðfesti kröfuhafi bréfsins, Birgir Rögnvaldsson, að bréfið væri uppgreitt. Nú mun frumrit bréfsins vera glatað og hefur ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftirgrenslan, hvorki hjá útgefanda né kröfuhafa bréfsins. Yfirlýsing kröfuhafa nægir ekki til að aflýsingar bréfsins og vegna þessa hefur ekki verið unnt að aflýsa veðskuldabréfinu og er stefnanda því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á því og í kjölfar þess að ráðstafa því sem skjalið hljóðar um, eins og hann hefði það undir höndum. Fyrir liggur að aflýsa bréfinu af hinni veðsettu eign.

Lagarök: Stefnandi vísar til ákvæða 120.–121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirfarandi sönnunargögn:

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað, er stefna þessi birtist í.
4. Ljósrit veðskuldabréfs.
5. Veðbókavottorð.
6. Yfirlýsing Birgis Rögnvaldssonar.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur sig eiga rétt til þess, að mæta á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður í dómþingsalnum í stjórnsýsluhúsinu við Heiðarveg 15, Vestmannaeyjum, miðvikudaginn 13. júní 2001, kl. 16.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu, en ella má búast við að útivistar-dómur gangi í málinu í samræmi við stefnukröfur.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Vestmannaeyjum, 11. apríl 2001.
Ingveldur Einarsdóttir.

5329)

Dómstjórinn í Reykjavík, Friðgeir Björnsson

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Eva Margrét Ævarsdóttir hdl., kt. 110373-3099, Síðumúla 9, Reykjavík, að hún þurfi f.h. Íslandsbanka – FBA hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu skuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi skuldabréf, útgefið í Reykjavík hinn 27. ágúst 1997 af Símoni G. Símonarsyni, kt. 270879-2929, Hraunbæ 46, Reykjavík, til Íslandsbanka hf., upphaflega að fjárhæð kr. 450.000,00 tryggt með sjálfskuldar-ábyrgð Guðbjörns Eiríkssonar, kt. 160932-7169, Funalind 7, Kópavogi, og Símonar Friðrikssonar, kt. 160953-4629, Hraunbæ 46, Reykjavík.

Málsástæður og önnur atvik: Skuldabréfið segir stefnandi vera útgefið í Reykjavík hinn 27. ágúst 1997 af Símoni G. Símonarsyni, kt. 270879-2929, Hraunbæ 46, Reykjavík, til Íslandsbanka hf., nú Íslandsbanka – FBA hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, Reykjavík, upphaflega að fjárhæð kr. 450.000,00 og tryggt með sjálfskuldarábyrgð Guðbjörns Eiríkssonar, kt. 160932-7169, Funalind 7, Kópavogi, og Símonar Friðrikssonar, kt. 160953-4629, Hraunbæ 46, Reykjavík. Skuldabréfið átti að greiðast með 36 afborgunum á 1 mánaðar fresti, í fyrsta skipti hinn 3. febrúar 1999 og bera kjörvexti skv. ákvörðun Íslandsbanka hf., nú Íslandsbanka – FBA hf., á hverjum tíma frá útgáfudegi skuldabréfsins að telja. Skuldabréfinu var skilmálabreytt þann 29. janúar 1999 þá að eftirstöðvum kr. 250.000,00 þannig að eftirstöðvar þess skyldu greiðast með 48 afborgunum og 3 vaxtagjaldkögum eða samtals 51 greiðslu í fyrsta skipti þann 3. febrúar 1999 og bera vexti frá 3. janúar 1999 með föstu 4,5% vaxtaálagi en að öðru leyti skyldi ákvæði skulda-bréfsins haldast óbreytt. Stefnandi kveður bréf þetta vera glatað og hafi það ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftirgrennslan. Eiganda bréfsins sé því nauðsyn á að fá það ógilt með dómi til að geta neytt þeirra réttinda sem bréfið ber með sér.

Lagarök: Stefnandi kveðst vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Stefnandi kveðst munu leggja fram við þingfestingu málsins: nr. 1, stefnu þessa, nr. 2, skjalaskrá, nr. 3, skilmálabreytingu og nr. 4, eintak Lögbirtingablaðs er stefna þessi birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa ofangreint skuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því til að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 5. júní 2001 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, hlýða á dómkröfur, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til skuldabréfsins. Að öðrum kosti má búast við því að útivistar-dómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu skuldabréfsins verði tekin til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 17. apríl 2001.
Friðgeir Björnsson.

5520)

Aðilar málsins eru: Stefnandi: Agnes Hulda Barkardóttir, kt. 260582-2919, Norðurvangi 7, 220 Hafnarfirði.

Stefndi: H. H. Helgason ehf., kt. 640100-3030, Reykjavíkurvegi 60, 220 Hafnarfirði, fyrirsvarsmaður Helgi Helgason, kt. 220263-4369, Strandgötu 5, 410 Hnífsdal.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Hulda Rós Rúríksdóttir hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 33.381, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 33.381, frá 25. ágúst 2000 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt máls-kostnaðarreikningi sem verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málavextir, málsástæður, lagarök og önnur atvik: Stefnandi er fyrrverandi starfsmaður stefnda og var síðasti starfsdagur hennar hjá honum þann 19. júní 2000. Stefnandi var á eftirágreiddum launum mánaðarlega. Laun fyrir júnímánuð átti stefnandi því að fá greidd þann 30. júní sl. Stefnandi fékk afhentan launaseðil vegna júnímánaðar um mánaðarmót júní-júlí en fékk þá enga greiðslu. Stefnandi hafði tekið út vörur hjá stefnda sem komu til frádráttar á launum og ennfremur hafði hún fengið hluta greiddan fyrirfram.

Kröfu sína byggir stefnandi á því að um sé að ræða launagreiðslur fyrir vinnu stefnanda í þágu stefnda sem hann innti af hendi í júnímánuði 2000 og ein af meginskyldum stefnda sem atvinnurekanda er að greiða launamanni laun fyrir vinnu hans.

Krafa stefnanda sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	kr.
- laun samkvæmt launaseðli v. júnímánaðar	= 88.200
- samtals frádráttur skv. launaseðli	= 12.389
- vöruúttekt stefnanda hjá stefnda til frádr.	= 7.430
- fyrirframgreitt af launum v. júnímánaðar	= 35.000
Samtals krafa stefnanda	= 33.381


Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefndi er samkvæmt upplýsingum þjóðskrár með lögheimili að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði en birting hefur ekki tekist þar þar sem búið er að loka fyrirtækinu vegna eigendaskipta. Lögheimili fyrirsvarsmanns er skráð að Strandgötu

Innl usn r ur 15. n 2 1

[illegible]

2 2	12 1	22	8 1	17 3	221	6 13	2	6 11	12 5	1 1 8	1	1	1	1 7	7	8 7	12
1 17	22	8 1	17 3	221	6 13	2	6 11	12 5	1 1 8	1	1	1	1 7	7	8 7	12	
1	2	1	8 1	17 3	221	6 13	2	6 11	12 5	1 1 8	1	1	1	1 7	7	8 7	12
2	16 1	21 1	8 1	17 3	221	6 13	2	6 11	12 5	1 1 8	1	1	1	1 7	7	8 7	12
7 52	16 1	21 1	8 1	17 3	221	6 13	2	6 11	12 5	1 1 8	1	1	1	1 7	7	8 7	12
7 71	17 1	21 1	8 1	17 3	221	6 13	2	6 11	12 5	1 1 8	1	1	1	1 7	7	8 7	12
7	17 1	21 1	8 1	17 3	221	6 13	2	6 11	12 5	1 1 8	1	1	1	1 7	7	8 7	12
1 11	1 1	8 1	17 3	221	6 13	2	6 11	12 5	1 1 8	1	1	1	1 7	7	8 7	12	
1 1	2	17 1	8 1	17 3	221	6 13	2	6 11	12 5	1 1 8	1	1	1	1 7	7	8 7	12
1 2	17 1	8 1	17 3	221	6 13	2	6 11	12 5	1 1 8	1	1	1	1 7	7	8 7	12	

[illegible][illegible]

t e n a n d y s t h e r e f e r e n c e t o t h e t e x t a t t e n t i o n f o r d e
 m a n u s c r i p t s a n d t h e n a n d y s t h e r e f e r e n c e t o t h e t e x t a t t e n t i o n f o r d e
 u n d e r t h e k e y w o r d s a n d t h e n a n d y s t h e r e f e r e n c e t o t h e t e x t a t t e n t i o n f o r d e
 R e s e a r c h a n d y s t h e r e f e r e n c e t o t h e t e x t a t t e n t i o n f o r d e
 v e r y t h e r e f e r e n c e t o t h e t e x t a t t e n t i o n f o r d e

5, Hnífsdal, en dvalarstaður hans er óþekktur og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi var félagsmaður í Eflingu - stéttarfélagi á því tímabili er krafa hans stofnaðist, en félagið var stofnað við sameiningu Dagsbrúnar og Framsóknar - stéttarfélags, Félags starfsfólks í veitingahúsum og Sóknar áramótin 1998/1999, og síðar Iðju - félags verksmiðjufólks áramótin 1999/2000, sem tók yfir öll réttindi og skyldur hinna sameinuðu félaga. Vísað er til meginreglu vinnu-, kröfu- og samningaréttar um að laun beri að greiða í samræmi við umsamda launataxta skv. gildandi ráðningar- og/eða kjarasamningi. Vísast um réttindi hans aðallega til 1., 2., 3., 4. og 12. kafla kjarasamnings félagsins. Jafnframt er vísað til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl., aðallega 1. gr. laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups, laga nr. 30/1987 um orlof, aðallega 1., 7., og 8. gr. og laga nr. 19/1979 um rétt launafólks til uppsagnarfrests o.fl. Byggt er á því að stefndi hafi vanefnt bindandi ráðningar-samning við stefnanda með því að greiða ekki umsamin laun og uppfylla aðrar samnings-skyldur sínar. Samkvæmt framangreindum réttarheimildum og samningum er greiðslu-skylda stefnda ótvíræð. Um sönnun er jafnframt vísað til stjórnunarréttar stefnda og þess að hann er bókhaldsskyldur að lögum.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðs við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisauka-skattskyldur og ber honum því nausyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 33. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtinga-blaðinu samkvæmt heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

Launaseðill vegna júnímánaðar 2000, bréf Eflingar - stéttarfélags dags. 25. júlí 2000 til stefnda, innheimtubréf lögmanns stefnanda til stefnda dags. 24. ágúst 2000, yfirlit úr hluta-félagaskrá vegna stefnda og kjarasamning FSV, birtingavottorð dags. 28. nóv. 2000 og eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 1, héraðsdómi Reykjaness, Brekkugötu 2, Hafnarfirði, þann 6. júní 2001, kl. 9.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfarar-hæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 24. apríl 2001.
F.h. stefnanda,
Hulda Rós Rúríksdóttir hdl.

(5651

**Landsbanki Íslands hf.,
kt. 540291-2259,
Austurstræti 11, Reykjavík,**

gjörir kunnugt: að hann sé knúinn til að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Sigvalda Ó. Aðalsteinssyni, kt. 070959-4889, sem er óstaðsettur í hús.

Málflutningsumboð: Gunnar Viðar hdl. fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.521.650,61 auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. júní 2000 til greiðsludags og bankakostnað kr. 3.550. Vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar að mati dómsins, eða skv. málskostnaðarreikningi ef til aðaflutnings kemur, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Málavextir og málsástæður: Þann 16. júní 1998 stofnaði stefndi, Sigvaldi Ó. Aðalsteins-son, tékkareikning og debetkort nr. 70959 við útibú stefnanda að Austurstræti 11, Reykjavík. Þann 25. apríl 2000 námu innstæðulausar færslur á reikningnum kr. 1.421.650,61. Auk þess gaf stefndi út þann 26. apríl 2000 innstæðu-lausa ávísun að fjárhæð kr. 100.000. Kostnaður við ávísunina var kr. 3.550. Innstæðulausar færslur námu því kr. 1.521.650,61 þegar reikningum var lokað. Þann 26. júní 2000 var stefnda sent innheimtubréf. Skuldin hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nausynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands er stefndi óstaðsettur í hús og er stefnanda hvorki kunnugt um hvar hann hefur dvalarstað né hvar hann starfar og getur þannig ekki birt stefnu þessa eftir almennum reglum. Er stefnanda því sú ein leið fær að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Áskilinn er réttur til að koma fram með nýjar málsástæður og til öflunar frekari gagna ef varnarástæður stefnda gefa tilefni til, en ekki er talin þörf á töku munnlegra skýrslna í málinu.

Lagarök: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuld-bindinga auk XVII. kafla laga nr. 91/1991. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisauka-skattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Um stefnubirtingu vísar stefnandi til 89. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Til sönnunar kröfum sínum mun stefnandi leggja fram við þingfestingu máls þessa:

1. Umsókn stefnda um tékkareikning og debetkort.
2. Úrdrátt úr skrám Reiknistofu bankanna.
3. Innheimtubréf sent stefnda.
4. Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Sigvalda Ó. Aðalsteinssyni, kt. 070959-4889, til að mæta er mál þetta verður þingfest við héraðsdóm Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 5. júní 2001 kl. 10.00, til að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu.

Verði ekki mætt af hálfu stefnda við þing-festingu málsins, má búast við að útivistardómur gangi í málinu og stefnukröfur verði gerðar aðfararhæfar.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Reykjavík, 6. apríl 2001.
F.h. Gunnars Viðar hdl.
Hildur Friðleifsdóttir lögfr.

(5658

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-kveðnum hinn 15. mars 2001, var bú Eðalmúrs ehf., kt. 630591-1399, til heimilis að Grensás-vegi 13, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Undirritaður var skipaður skiptastjóri sama dag. Frestdagur er 27. júlí 2000.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar til Guðna Á. Haraldssonar hrl., Löggarði ehf., Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur þar sem fjallað verður um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og rétt-indum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra, Húsi verslunarinnar 11. hæð, Kringlunni 7, Reykjavík, mánudaginn 16. júlí 2001 kl. 11.00.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi viku fyrir auglýstan skiptafund.

(5079 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-kveðnum hinn 15. mars 2001, var bú Jakobs V. Hafstein, kt. 180345-3299, Meistaravöllum 33, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Undirrit-aður var skipaður skiptastjóri sama dag. Frest-dagur er 27. júlí 2000.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar til Guðna Á. Haraldssonar hrl., Löggarði ehf., Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur þar sem fjallað verður um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og rétt-indum búsins verður haldinn á skrifstofu skipta-stjóra, Húsi verslunarinnar, 11. hæð, Kringlunni 7, Reykjavík, mánudaginn 16. júlí 2001 kl. 11.30.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi viku fyrir auglýstan skiptafund.

(5080 a

Reykjavík, 4. apríl 2001.
Guðni Á. Haraldsson hrl.

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands upp-kveðnum 27. mars sl. var bú Vélsmiðjunnar Stáls hf., kt. 450984-0869, Fjarðargötu 1, Seyðisfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 26. mars 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra að Hafnarbraut 40, 780 Hornafirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra föstudaginn 20. júlí nk. kl. 14.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Auglýsingar um skiptalok vegna ofangreinds þrotabús sem birtust í 47. og 49. tbl. Lögbirtingablaðsins dags. 18. og 25. apríl 2001 voru rangar og eru hér með afturkallaðar.

Hornafirði, 26. apríl 2001.
Sigríður Kristinsdóttir hdl.

(5519 a

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum þann 16. febrúar 2001 var bú Erlu Báru Jónsdóttur, kt. 120559-3469, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 24. janúar 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi miðvikudaginn 11. júlí 2001 kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 24. apríl 2001.
Sigurður Sigurjónsson hdl.

(5652 a

Eftirtalдар sparisjóðsbækur við Búnaðar-banka Íslands og útibú hans eru glataðar:

Aðalbanki: nr. 77891, 47372, 202250, 200827, 200856 og 85351.

Akureyri: nr. 329079 og 4797.

Austurbær: nr. 67120, 213786 og 75831.

Miðbær: nr. 216342.

Vesturbær: nr. 800070, 10962 og 15318.

Hella: nr. 250127 og 250662.

Melar: nr. 823206 og 12169.

Búðardal: nr. 3618.

Háaleiti: nr. 229262 og 229257.

Hveragerði: nr. 18626, 829265, 270843, 270971 og 271049.

Mosfellsbær: nr. 278591.

Garðabær: nr. 6951 og 287610.

Seljaútibú: nr. 234398 og 1250.

Kópavogur: nr. 296910.

Kringlan: nr. 2296.

Höfðaútibú: nr. 944 og 800856.

Selfoss: nr. 830105 og 274149.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 113/1996 er hér með skorað á handhafa nefndra sparisjóðsbóka að segja til sín innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu þessarar auglýsingar.

Reykjavík, 20. apríl 2001.
Búnaðarbanki Íslands hf.
Bentína Pálsdóttir.
Sigríður Stefánsdóttir.

(5517 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-kveðnum þann 11. apríl 2001 var bú Valar hf., kt. 710269-6029, Vagnhöfða 5, Reykjavík tekið til gjaldþrotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Frestdagur við skiptin var 27. mars 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, Reykjavík miðvikudaginn 11. júlí 2001 kl. 14.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á fundarstað síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 12. apríl 2001.
Kristinn Bjarnason hrl.

(5179 b

Skiptafundir

Skiptafundur í þrotabúi Erlunnar ehf., kt. 520589-1639, Strandgötu 28, Hafnarfirði, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skipta-stjóra á búinu að Fjarðargötu 11, 3. hæð, Hafnar-firði, fimmtudaginn 31. maí kl. 9.30 árdegis.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu sem mun liggja frammi á fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinnar hagsmuna að gæta tveimur vikum fyrir skiptafund. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu í síðasta lagi á boð-uðum skiptafundi mega þeir sem hlut eiga að máli búast við því að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með að úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Hafnarfirði, 9. apríl 2001.
Jón Auðunn Jónsson hdl.

(5206

